



Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegur 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. apríl 2008  
Tilvísun: 2008030022  
Bréfalykill: 22.2

**Efni: Þeistareykjavirkjun, allt að 150 MWe jarðhitavirkjun í Aðaldælahreppi og Norðurþingi. Tillaga að matsáætlun.**

Með bréfi dags. 18. mars 2008 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Orkustofnunar um ofangreint málefni, skv. 2. mgr. 8 gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15.gr reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Með bréfinu fylgdi skýrsla VGK-Hönnunar *Þeistareykjavirkjun, allt að 150 MW jarðhitavirkjun í Aðaldælahreppi og Norðurþingi. Mat á umhverfisáhrifum, tillaga að Matsáætlun.* Þeistareykir ehf, mars 2008.

Með bréfi, dags. 6. desember 2007, óskaði framkvæmdaraðili eftir athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun sem Orkustofnun svaraði með bréfi, dags. 20. desember 2007 og eru tíundaðar í framlagðri tillögu að matsáætlun (bls. 29-30). Ábendingarnar lutu að ásýnd mannvirkja, áfangaskiptingu virkjunar, meðferð skilju- og affallssvatns og umfjöllun um grunnvatnsmál. Í öllum meginatriðum er stofnunin ásátt við áformuð efnistöð framkvæmdaaðila hvað þessa þætti varðar.

Orkustofnun hefur fullan skilning á því að á þessu stigi í þekkingu á jarðhitakerfinu er ekki skynsamlegt að slá neinu föstu um það með hvaða hætti verði staðið að meðferð skilju- og affallssvatns, en mikilvægt er að niðurstaðan leið til eins góðrar nýtni þeirrar frumorku sem tekin er upp úr svæðinu og kostur er. Af því leiðir að mati Orkustofnunar að nýting afgangsvarma í lágþrýstiprepi verði að telja meðal mögulegra lausna á þessu viðfangsefni ásamt niðurdælingu.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Jónas Ketilsson